

## Þorrablót

Félag eldri borgara við Þistilfjörð efnir til þorrablótis í Þórsveri á Þórshöfn laugardaginn 6. febrúar.

Allir 60+ eru velkomnir og hefst borðhald kl. 18:00.

Vinsamlega látið vita um þátttöku í síðasta lagi þriðjudag 2. febrúar í síma 468-1333 Lína, 862-2916 Gunni eða 869-4509 Palli.

Miðaverð ekki ljóst fyrir en vitað er um fjölda þátttakenda.

Nefndin

## Kynningar- og fræðslufundur

Rauði krossinn í Þingeyjarsýslu heldur kynningar- og fræðslufund í **Stóru-Mörk á Kópaskeri** um **neyðarvarnir RKÍ** í Þingeyjarsýslu og þá sérstaklega við Öxarfjörð, **nk. fimmtudag 28. janúar kl. 19:20.**

Til fundarins er stefnt fjöldahjálparliðum Rauða krossins á svæðinu við Öxarfjörð, ásamt öllum öðrum sem hafa áhuga á að vita um hvað þetta verkefni snýst. Þetta verður léttur fundur með kaffi og konfektum - engin skuldbinding er fólgin í því að mæta.

Gaman væri að sjá sem flesta.



## Grisjun hjá Bókasafni Öxarfjarðar

Fimmtudaginn 28. janúar 2016 verður „gjafatorg“ í Skólahúsinu á Kópaskeri milli klukkan 13 og 16.

Við erum að grísa tvítök og afskráð gögn og viljum gefa fólki tækifæri á að ná sér í fríar bækur/gögn áður en þetta fer í ruslið.

Dísa og Mæja

## Skeglan

**Skeglan** kemur út alla miðvikudaga nema annað sé auglýst.

Auglýsingar berist á netfangið [skeglan@simnet.is](mailto:skeglan@simnet.is) eða í síma 892-8202 fyrir kl. 22:00 á mánudagskvöldum.

Skeglan kemur næst út miðvikudaginn 3. febrúar 2016.

Gjaldskrá: Hálsíða 2.700,-, heilsíða 3.900,-.

# Skeglan

Áb.: Halldóra Gunnarsdóttir

Fréttabréf á Langanesi og nágrenni  
4. tbl. 7. árg. Miðvikudagur 27. janúar 2016

## Landvarsla2016

### Landvarðanámskeið

Vatnajökulsþjóðgarður munu auglýsa sumarstörf laus til umsóknar í byrjun febrúar. Hæfniskröfur til landvörslustarfa eru landvarðanámskeið, sem haldið verður á vegum Umhverfisstofnunar 11. febrúar - 6. mars. Kennt er um helgar og á kvöldin á virkum dögum. Stór hluti námskeiðsins verður kenndur í fjarkennslu, en skyldumæting er í Skaftafellsferð og eina helgi í Reykjavík.

Umsóknarfrestur er til og með 30. janúar, skilyrði er að umsækjendur séu fæddir 1996 eða fyrir.

Námskeiðið spannar tæpar 100 klst og megin umfjöllunarefni er:

- Landverðir, helstu störf
- Náttúruvernd og stjórnsýsla náttúruverndarmála
- Verðmæti friðlýstra svæða, náttúra, menning og saga
- Gestir friðlýstra svæða
- Mannleg samskipti
- Náttúrutúlkun, fræðsla á friðlýstum svæðum, bóklegt og verklegar æfingar
- Náttúruvernd, verkfærin okkar
- Vinnustaður landvarða
- Öryggisfræðsla

Dagskrá námskeiðsins og frekari upplýsingar má finna á heimasíðu Umhverfisstofnunar [www.umhverfisstofnun.is](http://www.umhverfisstofnun.is). Upplýsingar um sumarstörf í Vatnajökulsþjóðgarði eru á heimasíðu þjóðgarðsins, [www.vjp.is](http://www.vjp.is).





## Aðalfundur

Aðalfundur Jökulsárhlaups, félags verður haldinn í  
Gljúfrastofu laugardaginn 30. janúar n.k. kl. 13:00.  
Á dagskrá eru venjuleg aðalfundarstörf. Allir eru velkomnir á fundinn.  
Stjórn Jökulsárhlaups, félags

## Hvað viltu hlusta á?

### - Flygilvinir móta tónleikadagskrá ársins

Fundur í Skólahúsinu á Kópaskeri sunnudaginn 31. janúar kl. 16:15

Flygilvinir – tónlistarfélag við Öxarfjörð boðar til fundar um  
tónleikahald ársins 2016. Allir sem áhuga hafa á lifandi flutningi tónlistar  
í héraðinu hvattir til að mæta.

Stjórn Flygilvina

## Kokteilkvöld

KAFFI LJÓSFANG  
RAUFARHÖFN

FÖSTUDAGSKVÖLDIÐ 5.FEBRÚAR  
FRÁ KL 20.00-23.00



Black&Basic netverslun verður á  
staðnum með vörurnar sínar.  
Hálsmen, eyrnalokkar, armbönd o.fl.

Sala á notuðum fatnaði og skóm  
alla helgina á frábæru verði.  
Verð frá 500 kr.

Allir viðskiptavinir geta tekið þátt í happdrætti  
og verða dregnir út flottir vinningar í lok kvöldsins

Opnunartími um helgina  
fös. 20.00 - 23.00 & lau. 12.00 - 15.00  
POSI Á STAÐNUM

## Þorrablót 2016



Þorrablótíð á Þórshöfn verður haldið laugardaginn 30.  
janúar. Húsið opnar kl. 19.30 og borðhald hefst  
stundvíslega kl. 20.00. Skráningarblöð liggja frammi í  
Samkaup Strax og Grillskálanum, lýkur skráningu  
kl. 18.00 fimmtudaginn 28. janúar. Í ár var ákveðið að  
taka upp gamlan sið og koma gestir sjálfir með þorra-  
matinn með sér, ásamt hnifapörunum auðvitað :)  
Gosdrykkir og vatn verður á borðum.

Miðaverð er 4000 krónur, miðaverð á dansleik er 3000 kr.

Aldurstakmark er 18 ár og miðast við afmælisdaginn

Miðar verða afgreiddir í Þórsveri á föstudeginum fyrir blót  
á milli kl. 17- 19. Einnig er hægt að nálgast miða og koma  
með tög á laugardeginum á milli kl 16-18. Þeir sem vilja  
fá lánuð þorratrog eða eiga ekki heimangengt er bent á að  
hafa samband við Grétu Bergrún í síma 847-4056 eða  
gretabergrun@simnet.is

**Hljómsveitin SOS og Svava heldur uppi studinu  
fram á nótt.**

Með skráningarlistanum er kassi til að skila visu-  
botnum og verða verðlaun veitt fyrir besta botninn.

1: Degar blótað þorra er  
þá er gott að blanda

2. Nú er enginn svipur súr  
Svipt er vetrardrunga